

Safnaðarbréf

Lágafellssóknar

Sumar 2013



Okkur er tíðrætt um söng og gleði í kirkjunni þessa dagana. Sumarið nálgast, vetur er að baki og hjá flestum fer hefðbundnu vetrarstarfi að ljúka. Lóan og aðrir fagrir färfuglar hafa numið land og gleðja okkur með söng og vekja. Það er einnig mikill söngur í safnaðarheimilinu þessa dagana. Kirkjukórinn syngur og æfir á fullu fyrir tónleikaferðalag sem farið verður til Færeyja um miðjan maí. Það er samheldni og kraftur í fólki, gleði og tilhlökkun því nú skal numið land hjá frændþjóð okkar. Ljósakórinn, barnakórinn, er ný kominn úr sinni ferð til Færeyja, allir glaðir og móttökur einstakar eins og við mátti búast. Börnin útvíkkuðu sinn sjóndeildarhring og samhlómurinn styrktist. Kóramir okkar eru brot af öflugu starfi í söfnuði Lágafellssóknar. Allt kirkjustarfið hefur að markmiði að efla samfélag okkar hér í bæ og sveit í trú og kærleika, styrkja vináttuböndin við Guð og hvert annað og aðra kristna söfnuði innan og utan lands.

Fyrir hönd Lágafellssóknar vil ég þakka fyrir allt sem hefur verið unnið í þágu sóknarinnar á þessum vetri, fyrir góðan hug og gjafmildar hendur í kirkjustarfinu. Margir hafa komið þar að – fólkið er fjársjóðurinn. Þakk! Ég vil einnig nota tækifærið og þakka öllum fyrir einstakar móttökur sem biskupi Íslands frá Agnesi Sigurðardóttur, voru veittar þegar hún vísitæði Mosfellsprestakall í lok apríl.

Kirkjustarfið verður með einfaldara mótinu yfir sumartímann og tímasetning önnur á guðsþjónustum, eins og fram kemur á baksíðu blaðsins.

„Nú er sumar“ og skáldið kveður áfram - „gleðjist gumar, gaman er í dag“.

Það er ástæða til að gleðjast. Lítum til fugla himinsins og hyggjum að liljum vallarins í bókstaflegri merkingu og leyfum okkur að njóta sköpunar Guðs og vera - já, þrátt fyrir allt - þakklát fyrir allt í fjölbreyttri flóru lífs og tilveru okkar manna.

Gleðilegt sumar!

Sr.Ragnheiður Jónsdóttir, sóknarprestur

Á döfinni...

26. maí Guðsþjónusta kl. 14:00 í Mosfellskirkju og kaffiveitinga í Harðarbóli að athöfn lokinni. Hin árlega hestareið hestamannafélagsins Harðar í Mosfellsbæ. Karlakórinn Stefnir syngur. Allir velkomnir.
1. júní Kyrrðardagur að Mosfelli.....sjá nánar auglýsingu á bls. 3
2. júní Kvöldguðsþjónusta með léttu sniði í Lágafellsskóla kl. 20:00. Við hvetjum sérstaklega foreldra og fermingarbörn vorsins 2014 að koma. Skráning í fermingarfræðslu næsta vetrar fer fram að aflokinni guðsþjónustu.
17. júní Hátiðarguðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 11:00. Félagar úr skátafélaginu Mosverjar standa heiðursvörð.
30. júní Göngumessa kl. 11:00. Mæting við Mosfellskirkju. Gengið verður á Mosfell

Helgihald sumarsins verður með breyttu sniði en yfir vetrartímamann. Tímasetning breytileg m.a. fleiri kvöldguðsþjónustur. Sjá nánar um helgihald sumarsins á baksíðu.

Heimasíðan www.lagafellskirkja.is

Á heimasíðu Lágafellssóknar, www.lagafellskirkja.is er að finna ýmiskonar fróðleik og upplýsingar um kirkjustarfíð í Mosfellsbæ. Þar er m. a. hægt að nálgast upplýsingar um allt safnaðarstarf, helgihald og kærleikspjónustu, kirkjur og safnaðarheimili, kirkjukór og kirkjutónlist.



Starfandi prestar og djáknar í Lágafellssókn ásamt biskupi.

Kyrrðardagur að Mosfelli

“Gríptu daginn” - í kyrrð

Kyrrðardagur í Mosfellskirkju

Íhugun – kyrrð – útivera

Í fallegu umhverfi og kirkju í dal skáldanna, Mosfellsdal.

Laugardaginn 1. júní kl. 9 - 16

Umsjón með deginum hafa Sigurbjörg Þorgrímsdóttir, djáknaefni

og sr. Ragnheiður Jónsdóttir.

Allir velkomnir – þátttaka ókeypis.

Upplýsingar og skráning: sr. Ragnheiður Jónsdóttir - Sími: 869 9882

Mosfellsprestakall - Sjá nánar á www.lagafellskirkja.is

Almennar upplýsingar

Barna - og æskulýðsstarfinu er lokið eftir veturinn og þökkum við öllum uppbyggjandi og skemmtilegar samverustundir og hlökkum til að hittast aftur í haust. Safnaðarstarfið hefst formlega með fjölskylduguðsþjónustu í Lágafells kirkju kl. 11:00 sunnudaginn 8. september.

Kyrrðarstundir - kristin íhugun verða vikulega í sumar á miðvikudögum kl. 17:30 í Lágafellskirkju.

Síminn í safnaðarheimilinu / skrifstofu Lágafellssóknar er 566 7113.

Þar er svarað yfir sumartímamillu kl. 10:00 -12:00 þriðjudaga til föstudaga.

Einnig er hægt er að hafa samband við prestana.

Sr. Ragnheiði 869 9882 og sr. Skírniir 823 8274

Sumarfrí presta safnaðarins eru eftirfarandi:

Sr. Ragnheiður Jónsdóttir 11.6-18.6 og 22.7 - 4.8

Sr. Skírniir Garðarsson 21.6 - 22.7



„Heimsókn biskups í Lágafellsskóla“

Helgihald í Mosfellsprestakalli 26. maí - 8. september 2013

26. maí - Mosfellskirkja kl.14.00
Kirkjudagur Hestamannafélagsins Harðar.
Hópreið hestamanna til kirkju
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

2. júní - Lágafellsskóli kl.20.00
Skráning fermingarbarna
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

9. júní - Lágafellskirkja kl.11.00
Sr. Skírnir Garðarsson

17. júní - Lágafellskirkja kl.11.00
Þjóðhátíðardagurinn - Hátíðarguðsþjónusta
Sr. Skírnir Garðarsson

23. júní - Lágafellskirkja kl.11.00
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

30. júní - Göngumessa
mæting v. Mosfellskirkju kl.11.00
Gengið á Mosfell
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

7. júlí - Lágafellskirkja kl.11.00
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

14. júlí - Lágafellskirkja kl.20.00
Kyrriðar- og bænastund
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

21. júlí - Lágafellskirkja kl.20.00
Kyrriðar- og bænastund
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

28. júlí - Mosfell kl.20.00
Kyrriðar- og bænastund
Sr. Skírnir Garðarsson

4. ágúst - Lágafellskirkja kl.20.00
Verslunarmannahelgi
Kyrriðar- og bænastund
Sr. Skírnir Garðarsson

11. ágúst - Lágafellskirkja kl.20.00
Kyrriðar- og bænastund
Sr. Skírnir Garðarsson

18. ágúst - Lágafellskirkja kl.11.00
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

25. ágúst - Lágafellskirkja kl.11.00
Sr. Skírnir Garðarsson

1. september - Mosfellskirkja kl.11.00
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

8. september - Lágafellskirkja kl.11.00
Fjölskylduguðsþjónusta
Sr. Skírnir Garðarsson

www.lagafellskirkja.is